

á umræddum hlaupareikningi stefnda, enda er málssókn stefnanda ekki á þeim málsástæðum reist, að úr því þurfi að skera. Kemur það heim við það, að bú Friðriks Jörgenssens var tekið til gjaldprotaskipta í skiptarétti Reykjavíkur þann 14. apríl 1967 og að stefnandi hefur lýst stefnukröfunni í máli þessu í búið.

Samkvæmt ofangreindu verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda kr. 22.000.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, ásamt meðdómendunum Bjarna Braga Jónssyni hagfræðingi og Gauki Jörundssyni lektor.

Dómsorð:

Stefndi, Útvegsbanki Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Ingiberssonar.

Stefnandi, Jón Ingibersson, greiði stefnda, Útvegsbanka Íslands, kr. 22.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 67/1970. **Matthías Gestsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Ljósmyndarafélagi Íslands
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ömerking. Heimvisun. Mistök í dómsýslu.

Dómur Hæstaréttar.

Ásmundur S. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. marz 1970. Hann gerir þær dómkröfur aðallega,

að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur svo og öll meðferð málsins í héraði og því verði vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að felld verði úr gildi lögbannsgerð sú, er í málinu greinir. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda verði hrundið og héraðsdómurinn staðfestur, en til vara, að einungis verði ómerktur hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eftir þingfestingu þess 3. nóvember 1969. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 16. janúar 1967 ritaði Ásmundur S. Jóhannsson, héraðsdómslögmaður á Akureyri, sem einnig var aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, áfrýjanda bréf, þar sem segir meðal annars:

„Að beiðni Ljósmyndarafélags Íslands leyfi ég mér að senda yður bréf þetta og um leið að túlka fyrir yður, hvað félagið með vísan til viðeigandi laga og reglugerða telur vera ljósmyndaiðn ... Félagið vill að lokum taka fram, að þar sem það hefur rökstuddan grun um það, að þér stundið ljósmyndatökur og vinnið að myndagerð gegn gjaldi, þá muni það fyrir hönd ljósmyndara hér á Akureyri, sem iðnréttindi hafa, gæta þeirra hagsmuna og framfylgja þeirra rétti samkvæmt lögum og reglugerðum um iðnfræðslu með því að hefta slíka starfsemi, sem það telur ólöglega. Eftir atvikum með verkbönnnum eða beiðni til yfirvalda um rannsókn á starfseminni. Erindi þessu hef ég verið beðinn að koma á framfæri“.

Er mál þetta var þingfest á bæjarþingi Akureyrar, stýrði Ásmundur S. Jóhannsson þinghaldi sem aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri. Hann stýrði einnig öllum síðari þinghöldum og kvað upp héraðsdóminn. Hann leiðbeindi áfrýjanda, sem eigi er löglærður, en flutti mál sitt sjálfur í héraði, um málflutning samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936.

Í máli þessu greinir aðilja á um það, hvort áfrýjanda hafi verið óheimilt vegna vöntunar iðnréttinda sem ljósmyndari að leysa af hendi verkefni það, er um getur í lögbannsgerð fógetadóms Suður-Múlasýslu 24. október 1969, sem krafizt

er, að staðfest verði. Þegar lítið er til framangreindra afskipta héraðsdómarans sem lögmanns af ágreiningi málsaðilja um iðnréttindi áfrýjanda, áður en mál þetta var höfðað, verður að telja, að honum hafi borið að víkja dómarasæti þegar eftir þingfestingu málsins, sbr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja héraðsdóminn og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 3. nóvember 1969. Vita ber héraðsdómarann fyrir mistök í dómsýslu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá þingfestingu þess 3. nóvember 1969 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Stefndi, Ljósmyndarafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Matthíasi Gestssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 16.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 3. febrúar 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. f. m., hefur Ljósmyndarafélag Íslands, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar gegn Matthíasi Gestssyni, Holtagötu 5, Akureyri, með stefnu, útgefinni utan réttar 30. október 1969 og birtri sama dag. Gerir stefnandi þær kröfur, að stefnda verði dæmt óheimilt að taka að sér og framkvæma ljósmyndaðöku, framköllun eða „kopieringu“ vegna skólaspjalds handa Eiðaskóla svo og önnur verk, sem falla undir iðngrein ljósmyndara. Í öðru lagi krefst stefnandi þess, að staðfest verði lögbann sýslumannsins í Suður-Múlasýslu föstudaginn 24. október s.l. við nefndum framkvæmdum. Að lokum krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða allan málskostnað bæði í þessu máli og lögbannsmálinu.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt sýknu af kröfum stefnanda, niðurfellingu lögbannsins, sem á var lagt 24. október s.l., og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, og var síðast-nefnd krafa sett fram við munnlegan flutning málsins.

Málavextir eru sem hér segir: Hinn 23. október 1969 beiðist J. P. Vilberg Guðnason, ljósmyndari á Eskafirði, þess f. h. Ljósmyndarafélags Íslands, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu leggi lögbann við því, að stefndi taki að sér að gera skólaspjald fyrir Eiðaskóla skólaárið 1969—1970, og taldi gerðarbeiðandi, að stefndi mundi hefja vinnu við það verk samdægurs. Beiðnin var rökstudd með því, að stefndi væri réttindalaus sem ljósmyndari og mál hefði verið höfðað gegn honum fyrir brot á iðnlöggjöfinni. Lögbannið var síðan lagt á daginn eftir.

Stefnandi kveður stefnda hafa hvað eftir annað gengið á rétt félagsmanna Ljósmyndarafélags Íslands og jafnvel boðið niður verk í þeirra iðngrein. Stefndi hafi um tíma verið skráður nemandi hjá Jónasi Hallgrímssyni ljósmyndara, Akureyri, en þeim samningi mun hafa verið slitið af iðnfulltrúa Akureyrar. Vegna nefndra samningsslita hafa komið fyrir dóm iðnfulltrúinn, nefndur Jónas og ljósmyndararnir Sigurður Stefánsson og Eðvarð Sigurgeirsson, báðir á Akureyri, og verða framburðir þeirra raktir:

Jónas Hallgrímsson kvað rétt vera, að þeir hafi gert með sér námssamning, vitnið og stefndi, 18. desember 1967 um, að stefndi yrði lærlingur hjá vitninu í ljósmyndaraiðn. Sagði vitnið þeim samningi upp 27. janúar 1969, þannig að hann leitaði til Guðmundar Gunnarssonar iðnfulltrúa og tilkynnti honum, að hann vildi segja samningnum upp, og bar það fyrir sig, að stefndi hefði tekið að sér upp á eigin spýtur töku ljósmynda og gerð skólaspjalds fyrir Eiðaskóla 1968—1969, en þeir höfðu sameiginlega gert tilboð í þá framkvæmd. Stefndi fór austur til myndatökunnar í samráði við vitnið og kom til baka með verkefnin, en þegar til úrvinnslu kom, fékk vitnið hvergi nærri að koma. Auk þessa fór stefndi í ljósmyndaferðalög til Dalvíkur og Ólafsfjarðar og tók þar myndir upp á eigin spýtur í nafni sameiginlegs firma þeirra, Myndvers s/f, og tók arð af því. Framangreindar ástæður tók iðnfulltrúi til greina sem uppsagnarástæðu og afhenti vitnið fulltrúanum sitt eintak námssamningsins. Síðar krafðist vitnið þess fyrir sakadómi Akureyrar, að firma þeirra, Myndveri s/f, yrði lokað. Eftir að fyrrnefnt lögbann var sett, kom stefndi á fund vitnisins og bað það að framkvæma með sér töku mynda fyrir skólaspjald að Eiðum, en vitnið neitaði því.

Guðmundur Gunnarsson iðnfulltrúi kvað sér hafa verið kunnugt um það, að Jónas Hallgrímsson og stefndi hefðu gert með sér iðnnámssamning 18. desember 1967 í ljósmyndun, og að sá samningur hefði hlotið staðfestu. Síðla árs 1968 komu ljósmynd-

arar á Akureyri, Eðvarð Sigurgeirsson og Sigurður Stefánsson, til vitnis og kvörtuðu um það, að stefndi ræki ljósmyndastofu á eindæmi og kæmi meistarinn þar hvergi nærri. Þetta staðfesti meistarinn í viðtali við vitnið og óskaði eftir því, að iðnnáms-samningnum yrði slitið. Í framhaldi af því sleit vitnið samningnum samkvæmt heimild í lögum þar um, þar sem það taldi sýnt, að meistarinn hefði engin afskipti haft af nemanum og ekki unnið með honum, og enn fremur, að neminn hefði ekki sótt tilskilinn skóla í Reykjavík, sem iðn þessari tilheyrir.

Iðnfulltrúinn sleit síðan samningnum á þann hátt, að hann færði slitin inn á eyðu í samningnum, sem slit á að færa inn á, bæði inn á eintak meistara og eintak það, sem hann hafði undir höndum, en það eintak sendi hann síðan stefnda ásamt bréfi. Iðnfulltrúinn tilkynnti stefnda um þá ákvörðun sína að slíta námssamningnum, m. a. ef stefndi sækti eigi nefnt ljósmyndar-námskeið. Stefndi viðurkenndi þá fyrir iðnfulltrúanum, að Jónas Hallgrímsson ynni ekki á ljósmyndastofu þeirra í Skipagötu, og jafnframt það, að nefndur Jónas gæti ekkert kennt sér.

Vitnið Sigurður Stefánsson, sem áður greinir, hringdi í skóla-stjóra Eiðaskóla út af töku ljósmynda fyrir skólaspjald skólaárið 1969—1970, en hann hafði gert tilboð í þetta verk skriflega, og fékk hann upplýst, að tilboði hans yrði ekki tekið, þar sem aftur á móti tilboði Myndvers yrði tekið. Framangreint tilkynnti vitnið Ljósmyndarafélagi Íslands.

Vitnið Eðvarð Sigurgeirsson ljósmyndari kvað sér kunnugt um, að stefndi og Jónas Hallgrímsson hefðu haft með sér iðn-námssamning, sem síðar hefði slitnað upp úr. Vitnið gerði eigi tilboð í gerð nefnds skólaspjalds og hefur engin afskipti haft af máli þessu.

Lagt hefur verið fram í málinu endurrit dóms sakadóms Akur-eyrar í málinu nr. 57/1969: Ákærvaldið gegn Matthíasi Gest-syni, sem upp var kveðinn 31. október 1969. Í þeim dómi var stefndi sekur fundinn fyrir brot á 2. mgr. 27. gr. laga nr. 18/1929 fyrir að hafa stundað sjálfstætt í atvinnuskyni ljósmynda-töku og ljósmyndagerð án iðnréttinda tímabilið frá 27. janúar 1969 til þess, að því er virðist, útgáfudags ákæruskjals 28. júlí 1969.

Stefndi mótmælti því, að öll vinna og vinnubrögð í ljósmyndun falli undir iðngreinina ljósmyndun, hvort sem er myndataka, framköllun, „kopiering“ eða annað. Þetta styður hann þeim rökum, að bæði hér á landi og erlendis séu fyrirtæki, sem taki

að sér framköllun og „kopieringu“ o. fl. og sé ekki krafizt iðnréttinda til slíkrar starfsemi. Myndatökur séu stundaðar af almenningi án iðnréttinda, og telur hann sér frjálst að stunda þá atvinnu hér á landi.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefndi frávísunar málsins frá þessum dómi, þar sem það ætti undir félagsdóm, sbr. 44. og 47. gr. laga nr. 80/1938. Ekki verður á þetta fallizt, þar sem hér er aðeins til úrlausnar staðfesting á lögbanngæðinni og aðrar lögfylgjur, en ekki fjallað um skil þess, hvort tiltekin starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað.

Það þykir í ljós leitt af framangreindu, að stefndi hafi í greint sinn verið án virks iðnnámssamnings og án iðnréttinda og ætlað þannig að taka að sér á eigin spýtur gerð nefnds skólaspjalds, en það varðar við ákvæði laga um iðju og iðnað, 2. mgr. 27. gr.

Úrslit málsins verða því þau, að staðfesta ber lögbanngæði frá 24. október 1969.

Stefndi hefur krafizt þess í málinu, að námssamningur hans og Jónasar Hallgrímssonar verði metinn gildur, væntanlega að samningsslitin verði metin ógild. Jafnframt heldur hann því fram í málinu, að hann hafi leitað til fyrri meistara síns, Jónasar, og óskað eftir framhaldi námssamningsins, en því hefur Jónas neitað. Dómurinn er ekki bær að fjalla um réttarstöðu stefnda og Jónasar vegna hinna meintu einhliða námsslita, þar sem það heyrir undir gerðardóm samkvæmt lögum um iðnfræðslu.

Stefndi flutti mál sitt sjálfur, og gætti dómurinn leiðbeiningsarkyldu sinnar samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur lagt fram í málinu vottorð Elíasar Hannessonar, dagsett 31. marz 1969, eða áður en mál þetta er höfðað.

Stefnandi hefur krafizt ómerkingar á eftirgreindum ummælum í skjali þessu: „en sú aðferð hinna fagkunnna í stéttinni á Akureyri, að fá meistara Matthíasar til að svíkja hann á samning, mun vart kosta meira en eina kollu af sterkum drykk. Þessi ágæti meistari Akureyringa í faginu er þjóðkunnur fyrir drykkju“, og enn fremur: „Og ennfremur tel ég þær ofsóknir, sem Matthías er beittur í hvívetna í höfuðborg norðurlands, Akureyri, í fyllsta máta ranglátar og eingöngu af illkvittni sprotnar, vegna þess að hann skilar betri vinnu en þeir, sem prófin þykjast hafa. Og á meðan Ljósmyndarafélag Íslands, eins og þeir kalla sig, löggilda, lögleiða og lögvernda útlenzka brúta drullusokka, sem ekki hafa réttindi í einu eða neinu, nema ef

það væri það, sem jafnvel gæti talizt kriminelt, tel ég þá ekki geta ofsótt og lögsótt Matthías“.

Nefndur Elías hefur ekki staðfest vottorð þetta og gefið skýrslu fyrir dómi, enda er ljóst, að það er ekki samið til notkunar í þessu máli.

Af framangreindum ástæðum eru ekki efni til að ómerkja nefnd ummæli.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00 fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Lögbann, framkvæmt 24. október 1969 við gerð skólaspjalds fyrir Eiðaskóla af Matthías Gestssyni, staðfestist.

Stefndi greiði stefnanda kr. 5.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. febrúar 1971.

Nr. 86/1970. **Lárus Ó. Þorvaldsson**
(Gunnar Jónsson hrl.)

gegn

Skipadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga (Skúli J. Pálmason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1970. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.999.71 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann, að viðurkenndur verði